



SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS EYSTRA

2025–2029

Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2025–2029

Samtök sveitarfélaga og
atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Desember 2024
Útgáfa 1.0

Ábyrgðarmaður

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
framkvæmdastjóri SSNE

Umbrot og hönnun

Ingibjörg Berglind Guðmundsdóttir



Efnisyfirlit

Ávarp formanns _____	bls. 3
Norðurland eystra _____	bls. 4
Sóknaráætlun _____	bls. 5
Framtíðarsýn Norðurlands eystra _____	bls. 6
Málaflokkar _____	bls. 7
Innviðir _____	bls. 8
Atvinnulíf _____	bls. 9
Blómlegar byggðir _____	bls. 10
Umhverfismál _____	bls. 11
Árangursmælikvarðar _____	bls. 12
Tengsl við opinberar stefnur og áætlanir _____	bls. 13
Vinnuferli Sóknaráætlunar _____	bls. 14
Samskipta- og kynningaráætlun _____	bls. 15

Ávarp formanns

Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi áætlanir sem taka til starfssvæða samtaka sveitarfélaga. Í þeim er að finna framtíðarsýn þeirra sem þar búa, markmið, forgangsröðun verkefna og þær leiðir sem stuðla að því að áætlunin nái fram að ganga. Á grunni þeirrar Sóknaráætlunar sem nú er í gildi hefur nú þegar verið hægt að hrinda í framkvæmd verkefnum þar sem sameiginlegir hagsmunir landshlutans eru hafðir að leiðarljósi og þar með valdefling nærsamfélagsins. Í því er fólgin nauðsynlegur stuðningur við svæðisbundin nýsköpunarverkefni, sprota og frumkvöðla. Dæmi um verkefni sem fyrri áætlun studdi við eru Samgöngu- og innviðastefna Norðurlands eystra, barnamenningarverkefni Fiðringur og Upptaktur, Loftum og Græn skref SSNE. Í gegnum farveg Sóknaráætlunar fær heimafólk tækifæri og fjármuni til þess að taka sjálft ákvörðun um það hvernig best sé að blása til sóknar í hverjum og einum landshluta.

Sú framtíðarsýn sem hér er mörkuð í Sóknaráætlun 2025–2029 byggist á fjórum meginstoðum:

- Sterkum innviðum sem byggjast á Samgöngu- og innviðastefnu Norðurlands eystra ásamt mikilvægri hagsmunagæslu fyrir landshlutann.
- Öflugu atvinnulífi sem tekur til allra atvinnugreina, á öllum stigum frá frumkvöðlum til starfandi fyrirtækja.
- Blómlegum byggðum sem einkennast af öflugu menningarlífi og þar sem öll eru velkomin.
- Sterkri umhverfissýn þar sem landshlutinn verði leiðandi í umhverfismálum og öðrum til fyrirmyndar.

Stjórn SSNE fól verkefnastjórum sínum að stýra vinnu við gerð nýrrar Sóknaráætlunar í víðtæku samráði við íbúa landshlutans með 13 vinnustofum og virkri þátttöku kjörinna fulltrúa og stjórnar SSNE.

Áhersla var lögð á að ná til og virkja sem flesta hópa samfélagsins, unga fólkið okkar, eldri borgara, nýbúa og fjölmenningshópa, svo dæmi sé tekið.

Sóknaráætlunin sem hér lögð fram er metnaðarfull framtíðarsýn landshlutans. Með samstilltum krafti munum við byggja enn sterkara og blómlegra samfélag sem við getum öll verið stolt af. Ég vil nota tækifærið og þakka verkefnastjórunum okkar sem stýrðu verkefninu af stakri þryði og tel að vinna við gerð Sóknaráætlunar Norðurlands eystra hafi verið til mikillar fyrirmyndar. Einnig vil ég þakka öðru starfsfólki SSNE og þeim fjölmörgu sem tóku þátt í gerð Sóknaráætlunar okkar allra. Ég bind miklar vonir við að Sóknaráætlunin skapi traustan grunn framfara í landshlutanum og sé þess megnug að færa okkur samstíga áfram veginn.

Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður SSNE

Norðurland eystra

- Starfssvæði Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) nær frá Siglufirði til Bakkafjarðar að undanskildum Tjörneshreppi. Heildaríbúafjöldi svæðisins er um 31 þúsund manns eða um 8,2 % allra íbúa landsins. Fjölmennasta sveitarfélagið er Akureyri með hátt í 20 þúsund íbúa en það fámennasta, Grýtubakkahreppur, er með rétt rúmlega 400 íbúa. Norðurland eystra er eini landshlutinn utan höfuðborgarsvæðisins með jákvæðan flutningsjöfnuð innanlands, þ.e. fleiri flytja frá öðrum landshlutum í landshlutann en frá honum í aðra landshluta. Frá árinu 2019 hefur íbúum með erlent ríkisfang fjölgað um rúmlega eitt þúsund og eru þeir nú um 10% af heildaríbúafjölda.

Atvinnulíf er fjölbreytt á svæðinu. Verslun og þjónusta er stór atvinnuvegur í landshlutanum auk ferðaþjónustu sem byggst hefur hratt upp á síðustu árum. Fiskveiðar og -vinnsla auk landbúnaðar og annarrar matvælaframleiðslu er stór þáttur í atvinnu íbúa landshlutans. Fjöldi opinberra starfa er mestur á Norðurlandi eystra utan höfuðborgarsvæðisins og hefur störfum heldur fjölgað síðustu ár. Atvinnuleysi mælist almennt mjög lítið eða í kringum 2% og hefur farið minnkandi síðustu ár.

- Í Sóknaráætlun 2020–2024 var í fyrsta skipti lögð áhersla á umhverfismál og nú hafa fjölmörg verkefni orðið að veruleika sem munu færa landshlutann áfram í orkuskiptum, fullnýtingu auðlinda og því að draga úr sóun.
- Öflugir innviðir eru grunnforsenda fyrir kröftugu atvinnulífi og blómlegum byggðum í landshlutanum, Samgöngu- og innviðastefna Norðurlands eystra var samþykkt af öllum sveitarfélögum árið 2023. Þar hafa sveitarfélögin sameinast um sýn landshlutans til framtíðar og forgangsröðun verkefna. Menntunarstig landshlutans hefur hækkað stöðugt, en á svæðinu eru fimm framhaldsskólar, þar af einn verkmenntaskóli og einn háskóli. Helst hefur skort uppá meira framboð af verk- og tækninámi en einnig hefur verið ákall eftir listnámi á háskólastigi.
- Á Norðurlandi eystra er öflugt lista- og menningarstarf. Metnaður er einkennandi og fjölmargir menningarviðburðir og menningarhátíðir eru á svæðinu allan ársins hring. Öflugt safnastarf er á Norðurlandi eystra og eru um 40 söfn, setur og sýningar á svæðinu, þar af eru þrjár menningarstofnanir á Akureyri reknar með samningi milli Akureyrarbæjar og ríkisins.



10 SVEITARFÉLÖG
31.574 ÍBÚAR (1. jan 2024)



Sóknaráætlun

Í Sóknaráætlun Norðurlands eystra er sett fram framtíðarsýn landshlutans og valdir fjórir málaflokkar sem áætlunin tekur til. Í hverjum málaflokki eru sett markmið, lagðar áherslur og nefnd dæmi um verkefni að undanskildum málaflokki Innviða þar sem aðeins eru sett fram verkefni úr Samgöngu- og innviðastefnu Norðurlands eystra.

Öll verkefni sem styrkt verða í gegnum farveg Sóknaráætlunar þurfa að færa okkur nær markmiðum áætlunarinnar og falla að áherslum hennar. Sú stefna sem sett er fram í Sóknaráætlun landshlutans er því grunnur fyrir starfsemi og áherslur Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra. Sömuleiðis byggjast áhersluverkefni landshlutans á Sóknaráætlun svæðisins.

FRAMTÍÐARSÝN

MÁLAFLOKKAR

MARKMIÐ

ÁHERSLUR

VERKEFNI

Framtíðarsýn Norðurlands eystra

Á Norðurlandi eystra verði sterk samfélög sem byggjast á traustum innviðum og öflugri grunnþjónustu sem styður við byggð í sveit, bæ og borg. Blómlegar byggðir sem byggjast á sjálfbærri og fjölbreyttri atvinnustarfsemi og ríku menningarlífi einkenna landshlutann. Aukin áhersla á lýðheilsu og nálægð við náttúruna hefur gert landshlutann enn eftirsóknarverðari til búsetu og hefur aukið lífsgæði og hamingju íbúa.

Með samstilltu átaki hefur Norðurland eystra náð eftirtektarverðum árangri í umhverfismálum þar sem nýsköpun og grænar lausnir hafa stuðlað að fjölbreyttum tækifærum.



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRÁ



Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar
á Norðurlandi eystra

Málaflokkar



BLÓMLEGAR BYGGÐIR



ATVINNULÍF



INNVIÐIR



UMHVERFISMÁL



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRA



Innviðir

Samgöngu- og innviðastefna Norðurlands eystra 2023–2033

SSNE og sveitarfélögin á Norðurlandi eystra hafa sett fram stefnu landshlutans í samgöngu- og innviðamálum. Sveitarfélögin á Norðurlandi eystra leggja til eftirfarandi forgangsröðun í samgöngu- og innviðamálum á næstu fimm árum:

- Siglufjarðarskarðsgöng
- Bárðardalsvegur vestri
- Brýr yfir Skjálfandafljót
- Aukin vetrarþjónusta
- Tenging Þórshafnar við flutningskerfi raforku

Hagsmunagæsla

Hlutverk SSNE er margþætt og eitt af þeim mikilvægu verkefnum sem samtökin sinna er hagsmunagæsla fyrir aðildarsveitarfélögin innan og utan starfsvæðis og um leið aðhald við opinberar stefnur stjórnvalda. Af mörgu er að taka en sem dæmi má nefna:

- Standa vörð um grunnþjónustu og grunninnviði svæðisins og stuðla að eflingu hvors tveggja
- Efling millilandaflugs um Akureyrarflugvöll
- Aðgengi að námi í landshlutanum, með sérstaka áherslu á verk- og tækninám, listnám og nám í nýsköpun
- Efling heilbrigðisþjónustu og löggæslu
- Skattaívilnanir jaðarbyggða
- Vinna fræðslu og greiningar, m.a. varðandi jafnréttismál
- Vinna í að fá meira styrkfé inn á landsvæðið



Atvinnulíf

Markmiðið er að í landshlutanum verði fjölbreytt og framsækið atvinnulíf með áherslu á nýsköpun

Áherslur

- Stuðningur við vinnuklasa þar sem hægt er að tryggja aðstöðu fyrir óstaðbundin störf og störf með staðsetningu
- Vinna að áframhaldandi eflingu þekkingarsamfélags með áherslu á tengingu atvinnulífs og menntastofnana
- Taka þátt í og styðja við vöru-/þróunarverkefni í fjölbreyttum greinum
- Stuðningur við staðbundna framleiðslu, þjónustu og vörur úr héraði
- Styðja við nýsköpunarsmiðjur og nýsköpunarverkefni fyrir fjölbreytta hópa

Dæmi um verkefni

- Markaðssetja svæðið/sveitarfélög sem búsetukost á forsendum hvers sveitarfélags
- Tryggja áframhaldandi starf Norðanáttar og stuðning við frumkvöðla með fræðslu, hröðlum og fjárfestahátíð
- Áframhaldandi fjárfestingarverkefni innan SSNE þar sem fjárfestingatækifæri eru greind og markaðssett
- Uppfærsla á innviðagreiningu á Norðurlandi eystra, invest.northeast.is



Blómlegar byggðir

Markmiðið er að í landshlutanum verði sterk og umburðarlynd samfélög með öflugum menningarlífi

Áherslur

- Þróa samfélagsmiðstöðvar með því að nýta fjölbreytt húsnæði sem samkomustaði til að virkja ólíka hópa
- Stuðningur við ýmis lýðheilsuverkefni, t.d. verkefni sem tengja saman náttúru, hreyfingu og útivist
- Styðja við fjölbreytta menningarviðburði og listsköpun í öllum landshlutanum
- Styðja við viðburði sem ýta undir þátttöku ólíkra og fjölbreyttra hópa
- Styðja við nýsköpun á sviði heilbrigðismála og farsældar

Dæmi um verkefni

- Áframhaldandi þróun á ungmennabingi sem eflir lýðræði og styrkir ungt fólk
- Áframhaldandi stuðningur við barnamenningarverkefni
- Efla fjölbreytta viðburði og verkefni fyrir nýbúa á svæðinu, m.a. í gegnum Fjölmeningarráð Norðurlands eystra
- Menningarbyggð Norðurlands eystra í samstarfi við sveitarfélögin



Umhverfismál

Markmið er að Norðurland eystra verði leiðandi landshluti í umhverfis- og loftslagsmálum á heimsvísu

Áherslur

- Unnið verði markvisst að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda innan landshlutans
- Auka áherslu á orkuskipti landshlutans og bættu nýtingu orkuauðlinda
- Efla hringrás lífrænna næringaefna
- Hlúa að líffræðilegri fjölbreytni
- Stuðningur við fjölbreytt samfélagsleg verkefni sem draga úr sóun
- Stuðningur við fræðsluverkefni í umhverfis- og loftslagsmálum

Dæmi um verkefni

- Unnin verði aðgerðaáætlun í tengslum við skýrsluna „Kolefnisspor Norðurlands eystra 2022“ sem m.a. felur í sér aðgerðir í bættri landnýtingu, eflingu hringrásar á lífrænum úrgangi og virkum ferðamátum
- Gerð verði sameiginleg loftslagsstefna og skoðaðar lausnir til að gera sameiginlegt loftslagsbókhald fyrir Norðurland eystra
- Áframhaldandi stuðningur við uppbyggingu líforkuvers sem vinnur verðmæti úr lífrænum straumum
- Orkuskipti í dreifðum byggðum – RECET
- LOFTUM – fræðsluverkefni í umhverfis- og loftslagsmálum

Árangursmælikvarðar

Til að mæla árangur Sóknaráætlunar er nauðsynlegt að sett séu mælanleg markmið og valdir séu árangursmælikvarðar sem eru aðgengilegir og reglulega mældir af viðurkenndum aðilum.

ATVINNULÍF



- ✓ Atvinnuþátttaka í landshlutanum
- ✓ Menntunarstig í landshlutanum
- ✓ Fjöldi nýskráðra fyrirtækja í landshlutanum

BLÓMLEGAR BYGGÐIR



- ✓ Íbúakönnun, viðhorf til hamingju
- ✓ Íbúapróun í landshlutanum
- ✓ Íbúakönnun, viðhorf til mannlífs og menningar

UMHVERFISMÁL



- ✓ Samfélagslosun
- ✓ Magn brenndrar olíu innan landshlutans
- ✓ Magn óflokkaðs úrgangs íbúa landshlutans

Tengsl við opinberar stefnur og áætlanir

Sóknaráætlanir eru stefnumótandi áætlanir og í þeim sameinast heimamenn um framtíðarsýn, markmið, forgangsröðun verkefna og leiðir til að áætlunin nái fram að ganga. Sóknaráætlun Norðurlands eystra byggist þó ekki aðeins á sýn landshlutans heldur er einnig horft til opinberrar stefnu og gildandi áætlana.

- Málaflokkar nýrrar áætlunar eru meðal annars byggðir á **Byggðaaætlun** og tillögum starfshóps um mótun **borgarstefnu**. Meginmarkmið Byggðaaætlunar eru þær sömu og Sóknaráætlunar Norðurlands eystra; að á svæðinu verði blómlegar byggðir, með öflugri grunnþjónustu sem ýti undir búsetufrelsi.
- Í tengslum við innviðamála flokk Sóknaráætlunar er sérstaklega horft til **Samgöngu- og innviðastefnu SSNE 2023–2033**. Í henni eru tilgreind forgangsmál samgöngu- og innviðauppbýggingar í landshlutanum. Þá er horft til þingsályktunartillögu að **Samgönguáætlun 2024–2038**, en þar er sérstök áhersla á orkuskipti og virka ferðamáta sem tengjast þessari Sóknaráætlun.
- Við gerð Sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2025–2029 er tekið mið af **heimsmarkmiðum** Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, sem gerð voru með það að markmiði að leiða til betra lífs, lífsskilyðra og umhverfis.
- Við gerð umhverfis- og loftslagsmarkmiða Sóknaráætlunar er horft til **Aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum** sem og **Stefnu Íslands um sjálfbærni til 2030**, en þar eru meðal annars verkefni sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og leiðir til að auka þekkingu og fræðslu.
- Í **Menningarstefnu** stjórnvalda er sérstaklega bent á mikilvægi þátttöku barna og ungmenna í menningarlífi, sem og samvinnu í menningarmálum og endurspeglast þessar áherslur í nýrri Sóknaráætlun.
- Í atvinnulífsmálaflokki Sóknaráætlunar er meðal annars litið til **Nýsköpunarstefnu til 2030: Nýsköpunarlandið Ísland**, en í henni er horft til þess að nýsköpun verði inngróin í menningu og efnahagslíf landsins. Til þess að nýsköpun verði hornsteinn þróunar þarf aukna áherslu á nýsköpun í fjölbreyttu formi.
- Við gerð nýrrar Sóknaráætlunar er jafnframt horft til útflutningsstefnu Íslands, **Framtíðarstefna fyrir íslenskan útflutning**. Framtíðarsýn stefnumótunar fyrir íslenskar útflutningsgreinar er að Ísland verði þekkt og leiðandi land á sviði sjálfbærni.

Vinnuferli Sóknaráætlunnar

Sóknaráætlun Norðurlands eystra er áætlun landshlutans um hvernig hann ætlar að sækja fram næstu fimm árin. Sóknaráætlunin er leiðarljós í allri vinnu SSNE

Vinnan við nýja Sóknaráætlun hófst í desember 2023 þegar stjórn SSNE og starfsfólk hittist á árangursríkum vinnudegi. Greindir voru styrk- og veikleikar svæðisins ásamt því að horfa til ógnana og tækifæra. Einnig var horft til árangurs undanfarinna ára og þeirra markmiða sem voru sett í fyrri áætlun.

Snemma á árinu 2024 var tekin ákvörðun um að ný áætlun yrði unnin af starfsfólki SSNE og í breiðu samtali við íbúa landshlutans, með virkri þátttöku kjörinna fulltrúa og stjórnar SSNE. Vinnustofa var haldin á ársþingi SSNE 2024 í Þingeyjarsveit þar sem 50 manns tóku þátt og var mikil ánægja með þá vinnu sem skilaði málaflökkum nýrrar áætlunar, ásamt drögum að framtíðarsýn landshlutans. Drög voru jafnframt kynnt fyrir fagráðum og rýnihópum.

Haldnar voru 13 vinnustofur um allan landshlutann í ágúst og september og þar af ein á ensku í fjarfundi. Mikið var lagt upp úr breiðri þátttöku ólíkra hópa á hverri vinnustofu, sem gafst vel og ólíkar raddir fengu að heyrast. Einnig var hægt að taka þátt á Instagram og á heimasíðu SSNE með því að senda inn tillögur að verkefnum. Efnið úr vinnustofunum skilaði fjölbreyttum áherslum og verkefnum inn í nýja áætlun. Rúmlega 400 manns tóku þátt í vinnunni sem var bæði skemmtileg og gagnleg.

Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar var upplýstur og kom hann tvisvar saman á tímabilinu og voru þátttakendur í honum hvattir til að taka þátt í opnum vinnustofnum um landshlutann. Umfjöllun var á ungmennáþingi SSNE í október og nýttust þær tillögur vel inn í vinnuna. Á haustþingi SSNE í október 2024, sem haldið var á Akureyri, voru drög að nýrri Sóknaráætlun kynnt og fengu þinggestir að rýna efni áætlunarinnar og koma með tillögur að breytingum. Áætlunin fór þá til umfjöllunar g síðan staðfestingar hjá stjórn SSNE. Í framhaldinu fór ný Sóknaráætlun inn í samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar.

Eftir samráðsferli í gegnum samráðsgátt stjórnvalda fór tillaga að nýrri Sóknaráætlun Norðurlands eystra fyrir stjórn SSNE áður en áætlunin var lögð fram á aukáþingi SSNE. Áætlunin var svo samþykkt af öllum sveitarfélögum Norðurlands eystra á þingi SSNE, sem haldið var X. desember 2024.

Samskipta- og kynningaráætlun

Árangur Sóknaráætlunar eykst með þátttöku íbúa, atvinnulífs, menningarlífs og kjörinna fulltrúa. Því er afar mikilvægt að tryggja vitund helstu markhópa um tilurð og tilgang Sóknaráætlunar landshlutans.

Lögð er áhersla á tvo markhópa:

M1 Kjörnir fulltrúar og starfsmenn sveitarfélaga

M2 Íbúar, fyrirtæki og stofnanir Norðurlands eystra

MARKHÓPAR

AÐGERÐIR

M1

M2

Fundir og ráðstefnur

Kynning og samtal um Sóknaráætlun	x	x
Samtal um Sóknaráætlun á þingum SSNE	x	
Kynning og samtal um Sóknaráætlun í kjördæmaviku	x	
Vinnustofur/námskeið vegna umsókna í Uppbyggingarsjóð		x
Úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs	x	x

Auglýsingar

Auglýst eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð í svæðismiðlum		x
Auglýst eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð á samfélagsmiðlum		x
Auglýstar vinnustofur vegna umsókna í Uppbyggingarsjóð		x
Auglýst úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs	x	x

Samfélagsmiðlar

Kynningarmyndbönd styrkhafa úr Uppbyggingarsjóði	x	x
Fréttir af framkvæmd Sóknaráætlunar	x	x
Umfjöllunum úr fjölmiðlum um verkefni stykt úr Sóknaráætlun deilt	x	x
Viðburðum sem tengjast áherslum Sóknaráætlunar deilt	x	x

Heimasíða og fréttabréf

Fréttir um fjölda umsókna í Uppbyggingarsjóð	x	x
Fréttir af framkvæmd Sóknaráætlunar	x	x
Umfjallanir um verkefni stykt úr Sóknaráætlun	x	x
Umfjöllunum úr fjölmiðlum um Sóknaráætlun og stykt verkefni deilt	x	x
Umfjöllun um viðburði SSNE sem tengjast Sóknaráætlun	x	x

Fjölmiðlar

Viðtal í landsmiðlum um framkvæmd Sóknaráætlunar	x	x
Greinar í svæðismiðla um framkvæmd Sóknaráætlunar	x	x



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRA